



# Fok- og óveðurstrygging húseigna

Skilmáli E-45

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörður tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## Skilgreining á húseign

Húseign og almennt fylgifé hennar.

Í skilmála þessum er miðað við að váttryggðri húseign tilheyri þau verðmæti sem tiltekin eru í brunabótamati húseignarinnar. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan útveggi teljast ekki til húseignar í skilningi þessa skilmála nema þau séu hluti af brunabótamati húseignar eða um það sé sérstaklega samið og þess getið á váttryggingarskírteini.

## 1. Kafli. Bótasvið og varúðarreglur

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir tjón á váttryggðri húseign af völdum óveðurs þegar vindur mælist yfir 28,5 metrar á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Tjón á hinu váttryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist aðeins hafi vindur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins.

Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu váttryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

### 2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin bætir ekki tjón á öðrum hlutum, sem ekki falla undir brunabótamatið nema þess sé sérstaklega getið á váttryggingarskírteini.

### 3. gr. Varúðarreglur

Váttryggðum ber að sjá um að hinni váttryggðu húseign sé vel við haldið og hún sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum um byggingu húseigna.

## 2. Kafli. Almenn ákvæði

### 4. gr. Hvað er váttryggt?

Váttryggingin gildir fyrir þá húseign sem tilgreind er á váttryggingarskírteini.

### 5. gr. Hver er váttryggður og meðváttryggður?

Váttryggður er eigandi þeirra hagsmuna sem tilgreindir eru í váttryggingarskírteini.

Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu váttryggða, eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu sbr. 2. mgr. 39 gr. sömu laga. Meðváttryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en váttryggður.

**6. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir eingöngu vegna húseigna á Íslandi á þeim stað sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini.

**7. gr. Váttryggingarfjárhæð**

Váttryggingarfjárhæð er miðuð við brunabótamat húseignar eða húseignarhluta og nemur fjárhæð þeirri er kemur fram á váttryggingarskírteini.

**8. gr. Óbeint tjón**

Váttryggingin nær ekki til óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.

**9. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur**

Váttryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

**10. gr. Ákvörðun bóta**

- a. Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.
- b. Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.
- c. Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni váttryggðu húseign. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu váttryggða. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða. Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.
- d. Skemmist húseign það mikið að ekki er unnt að gera við hana eða það borgar sig ekki að mati félagsins, getur félagið greitt bætur í peningum sem nema andvirði brunabótamats að frádregnu því verðmæti sem eftir stendur í húseigninni. Telji félagið brunabótamat greinilega vera hærra en markaðsverð húseignarinnar er heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð að lóð meðtalinni.
- e. Við greiðslu tjóns á gólfefni sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%. Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.

**11. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka**

Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess hvenær sem er, hvort sem er á váttryggingartímabilinu eða fyrir töku tryggingarinnar.

**12. gr. Vísitala**

Fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

Skilmáli þessi gildir frá 01.10.2022